

## Málefнасamningur Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í bæjarstjórn Fjarðabyggðar fyrir kjörtímabilið 2010-2014

Fulltrúar beggja lista munu vinna í samstarfi þessu af fullum heilindum og með hagsmuni sveitarfélagsins að leiðarljósi. Fullt jafnræði mun verða milli flokkanna í embættum og nefndum á vegum sveitarfélagsins. Mun oddviti B-lista vera forseti bæjarstjórnar og varaformaður bæjarráðs og oddviti D-lista formaður bæjarráðs og 1.varaforseti bæjarstjórnar.

Breyting mun verða gerð á nefndum sveitarfélagsins þannig að umhverfis- og mannvirkjanefndir munu renna saman í eina nefnd, eigna- skipulags- og umhverfisnefnd. Menningar- íþróttá- og ferðamálanefnd verður lögð niður og íþróttá-og æskulýðsmál færast til fræðslunefndar sem heitir þá fræðslu-og frístundanefnd. Ferða-og menningarmál renna hinsvegar inn í nýja atvinnuþróunar- og menninganefnd sem einnig mun taka yfir samskipti við Þróunarfélag Austurlands, Þekkingarnet Austurlands og Markaðsstofu Austurlands ásamt verkefnum nýs Nýsköpunarsjóðs. Þá mun félagsmálanefnd verða skipt upp í barnaverndarnefnd annarsvegar og félagsmálanefnd hinsvegar.

Skiptar skoðanir eru meðal íbúa Fjarðabyggðar við hugmyndum um sameinað Austurland eins og kom fram í nýafstöðnum kosningum. Fjarðabyggð mun vinna á fram í samstarfi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi um samvinnu sveitarfélagana á fjórðungnum fram að þingi þess í haust. Þar mun Fjarðabyggð vinna að endurskoðun á þeim hugmyndum sem nú er unnið eftir um hugsanlega sameiningu á Austurlandi og horfa frekar til aukinnar samvinnu sveitarfélaganna, en sameiningar, á ýmsum sviðum þar sem málefni þeirra liggja saman.

Haldið verður áfram að skoða alla möguleika á hagræðingu í sveitarfélaginu.

Auglýst verður eftir bæjarstjóra.

Skipting formanna nefnda og stjórna verður eftirfarandi út kjörtímabilið milli flokkanna:

Forseti bæjarstjórnar B listi

Formaður bæjarráðs D listi

Formaður hafnarstjórnar B listi

Formaður umhverfisnefndar D listi

Formaður fræðslu- og tómstundanefndar B listi

Formaður atvinnu- og menningarmálanefndar D listi

Formaður félagsmálanefndar B-listi.

Formaður barnaverndarnefndar D-listi.

Helstu áherslur í málefнасamningi flokkanna fyrir komandi kjörtímabil:

1. Skólastarf haldi áfram í öllum hverfum Fjarðabyggðar.
2. Það er forgangs atriði að byggja nýjan leiksskóla á Norðfirði.
3. Koma þarf á góðu dagforeldrakerfi myndist biðlistar á leiksskóla. Einfalda þarf uppgjör og endurgreiðslukerfi sveitarfélagsins vegna vistunar barna hjá dagforeldrum.
4. Styrkja þarf félagsmiðstöðvarnar í Fjarðabyggð, koma á góðu skipulagi og framtíðarsýn fyrir þær og þeim verði skapað viðunandi starfsumhverfi. Líta þarf heildstætt á tómstundastarf. Þar undir falla íþróttir af ýmsum toga, efling listrænna hæfileika, starf félagsmiðstöðva, félagasamtaka og stofnana á þessu sviði.
5. Samstarfi verði komið á með reglubundnum hætti milli tónskóla og leiksskóla í allri Fjarðabyggð.
6. Fylgja þarf eftir og gera kröfur til þeirra sem þiggja styrki til menningar- og tómstundastarfs á vegum sveitarfélagsins og samræma úthlutunarreglur eins og verið hefur gert.
7. Endurmeta þarf með reglulegum hætti forvarnarstefnu Fjarðabyggðar. Að því verki þarf að fá grunnskólana, framhaldsskólann, íþrótt- og félagasamtök og aðra þá sem vinna með ungmennum til að standa vörð um æsku Fjarðabyggðar.
8. Um næstu áramót munu málefni fatlaðra færast frá ríki til sveitarfélaga og þurfum við að nýta það tækifæri til þess að veita fyrsta flokksþjónustu og skoða aðstæður félagsþjónustu sveitarfélagsins til að takast á við það verkefni. Á kjörtímabilinu verði kannað með stofnun sérstakt fjölskyldu- og velferðarsviðsveitarfélagsins
9. Ljúka skal vinnu við útfærslu á almenningssamgöngum í sveitarfélaginu. Nauðsynlegt er að meta hvort hægt sé að koma á almenningssamgöngum sem nýtist sem flestum í samvinnu við ríki, fyrirtæki og aðra hagsmunaaðila í sveitarfélaginu.
10. Vinna skal að gerð nýrrar vatnsveitu fyrir Fáskrúðsfjörð á kjörtímabilinu.
11. Skoða þarf ávinning af því að færa veitustofnanir sveitarfélagsins í sjálfstætt fyrirtæki í eigu sveitarfélagsins.
12. Kanna skal samstarf við atvinnulífið til að stofna til nýsköpunarsjóðs Fjarðabyggðar sem úthluta mun í nýsköpunarverkefni í atvinnumál um í sveitarfélaginu næstu þrjú árin.
13. Óskað verði eftir viðræðum við Hafrannsóknarstofnun um að miðstöð

uppsjávarrannsóknna færist til Fjarðabyggðar í samstarfi við Búland á Norðfirði og skapa þannig enn fleiri störf í þekkingariðnaði í sveitarfélaginu.

14. Bæjarstjórn mun aðstoða við stofnun íbúasamtaka í byggðarkjörnum sveitarfélagsins þar sem þau eru ekki fyrir. Þá verður aðkoma þeirra að stjórnkerfinu tryggð með reglulegum samráðsfundum forsvarsmanna þeirra og bæjarstjórnar á sama tíma og grasrótareðli þeirra verður viðhaldið.

Reglulegir upplýsinga- og umræðufundir verða haldnir með íbúum sveitarfélagsins að minnsta kosti einu sinni á ári. Þar verða verkefni sveitarfélagsins kynnt og hvatt til samræðu íbúa og yfirvalda.

Stefnt skal að því að íbúum hvers hverfis verður gefinn kostur á að forgangsraða smærri verklegum framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins með rafrænni kosningu.

15. Standa þarf betur að upplýsingagjöf- og markaðssetningu í Fjarðabyggð.

Koma þarf upp upplýsingamiðstöð á Stöðvarfirði til að vísa ferðamönnum áfram til annarra hverfa Fjarðabyggðar. Þá þarf einnig að styrkja upplýsingagjöf til ferðamanna í hverju hverfi fyrir sig. Styrkja þarf þær undirstöður sem ferðaþjónusta í sveitarfélaginu byggir á svo sem söfnin, skíðasvæðið í Oddsskarði o.fl.

16. Vinna þarf vel að málefnum eldri borgara í samvinnu við félagasamtök þeirra.

Stuðla þarf að því að þeir geti búið sem lengst á heimilum sínum.

17. Tryggja þarf að framkvæmdir við ofanflóðavarnir á Norðfirði gangi með eðlilegum hætti og seinnihluti þeirri fari í gang sem fyrst.

18. Bæjarstjórn þarf að berjast fyrir brýnum samgöngubótum innan sveitarfélagsins. Þær eru helstar:

- Norðfjarðargöng
- Framkvæmdir við Suðurfjarðarveg milli Stöðvarfjarðar og Reyðarfjarðar
- Flutningur þjóðveggar 1 um Fagradal og firði.

19. Laða þarf hafnsækna starfsemi að Fjarðabyggð með stórauðinni markaðssetningu. Hafnarsjóður Fjarðabyggðar er annar stærsti hafnarsjóður landsins og í gegnum hafnir Fjarðabyggðar kemur nú allt að fjórðungur útflutningstekna landsins. Setja þarf höfnum Fjarðabyggðar umhverfisstefnu og halda áfram að styrkja endurbætur á gömlum bryggjum og sjóhúsum. Vinna þarf áfram að sókn í komu skemmtiferðarskipa til sveitarfélagsins.

20. Bæjarstjórn þarf að standa vörð um störf in í Fjarðabyggð jafnt í hinum opinbera geira og annarra. Stofnanir eins og Verkmenntaskóli Austurlands, Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað, Vegagerðin og Sýslumannsembættið svo nokkrar séu nefndar eru sveitarfélaginu afar dýrmætar og veita bæði mikilvæga þjónustu og störf. Standa skal áfram vörð um rekstarumhverfi sjávarútvegs í Fjarðabyggð og öllum tilraunum til að veikja þann rekstur verður mótmælt kröftuglega enda fjölmörg störf þar í húfi.

21. Tryggja þarf að Fjarðabyggð sé fjölskylduvænn vinnustaður og unnið sé eftir starfsmannastefnu bæjarins. Liður í því er að tryggja starfsmönnum aðstöðu í húsnæði sveitarfélagsins til þess að sinna starfi sínu í þeim byggðakjarna þar sem þeir hafa búsetu ef eðli starfs þeirra og verkefni leyfa slíkt.

Að öðru leyti vísa flokkarnir sem að samkomulagi þessu standa til stefnuskráa sinna fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2010.

Málefnasamningi þessum og samstarfi til staðfestingar undirrita oddvitar B og D lista hann í Fjarðabyggð þann 21.júní 2010.

---

Jón Björn Hákonarson,B-lista

---

Jens Garðar Helgason,D-lista